

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 23. október kl. 13:30 var haldinn 343. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfolk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks, var fjarverandi.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 341 og SF 342 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og greindi frá stöðu fjármögnunar. Umræður.

Stjórn staðfestir umboð til Elínar Smáradóttur, yfirlögfræðings OR til að undirrita og ganga frá gögnum vegna réttarsáttar í máli, Litla og Stóra Saurbæjar.

Rekstraráhættuskýrsla samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. október 2023 lögð fram.

*Hlé gert á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur,  
vegna fundar Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf.*

3. Klukkan 14:15 mættu Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar og Birna Bragadóttir, stjórnarkona Kvenna í orkumálum til fundarins og kynntu ný útkomna skýrslu um stöðu kvenna í orkugeiranum og jafnréttisáherslur samstæðu OR. Umræður.
4. Lagt fram til kynningar stofnsamþykktar-form fyrir Orkuveitu Reykjavíkur frá Reykjavíkurborg og minnisblað Elínar Smáradóttur, dags. 23. október 2023 um tillögu að stofnsamþykktum Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Stofnsamþykktir skv. fyrirbyggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.*

5. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 19. október 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. október 2023.
6. Klukkan 15:20 mætti Íris Lind Sæmundsdóttir, lögræðingur til fundarins og greindi frá öryggisbresti á „Mínum síðum“ Veitna og ON. Umræður.
7. Klukkan 15:35 mættu Sigrún Tómasdóttir og Sverrir Guðmundsson og kynntu stefnuverkefni um forða til framtíðar í vatnsveitum í Reykholtssdal og á Hvanneyri. Umræður.
8. Lagðar fram til rýni arðsemissstefna og arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur. Afgreiðslu frestað.

9. Klukkan 16:00 mættu fulltrúar KPMG, þau Steinþór Pálsson, Helena Óladóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir, til fundarins og gerðu ásamt forstjóra grein fyrir stöðunni í stefnumótun og leiddu umræður og vinnu stjórnar við endurskoðun á heildarstefnu. Fulltrúar KPMG yfirlög fundinn kl 17:15.

10. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 11.10.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ehf. dags. 20.09.2023*

*Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 19.10.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 25.09.2023*

*Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 18.10.2023*

*Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 22.09.2023*

11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 23. október 2023. Umræður.

12. Önnur mál.

- Lagt fram erindi GeoSilica, dags. 18. október 2023 um samning um aðstöðu og aðgengi að skiljuvatni við Helligheiðarvirkjun og svar Orku náttúrunnar, dags. 18. október 2023 um sama mál. Umræður.
- Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 19. október 2023, um fýsileikakönnun á stuðningi við uppsetningu sólarsella á heimilum í Reykjavík.

*Borgarstjórn samþykkir að beina því til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að skoða fýsileika þess að styðja við uppsetningu sólarsella á heimilum í Reykjavík.*

Samþykkt að málið verði skoðað ásamt möguleikum á sambyggðum vindmyllum.

- Rætt um tímasetningu stjórnarfunda.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 18:00**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. nóvember 2023.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 25. september kl. 13:00 var haldinn 341. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður, Þórður og Unnur tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### **Petta gerðist:**

1. Fundargerðir SF 339 og SF 340 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Brynju Kolbrúnu Pétursdóttur og Örnú Vigdísí Jónsdóttur, fjármálaleiðtoga OR. Benedikt lagði fram og kynnti forsendur og fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2024 og langtímaspá árunna 2024-2028. Umræður.

Klukkan 13:20 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna til fundarins ásamt Þorgeiri Hafsteini Jónssyni, fjármálaleiðtoga Veitna og kynnti fjárhagsspá félagsins. Sólrún og Þorgeir yfirlögðu fundinn kl. 13:52.

Klukkan 13:52 mætti Einar Ólafsson, fjármálaleiðtogi Orku náttúrunnar, á fundinn og kynnti fjárhagsspá félagsins og ON Power. Einar yfirlögðu fundinn kl. 14:25.

Klukkan 14:25 mætti Einar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins ásamt Höllu Björgu Haraldsdóttur, fjármálaleiðtoga Ljósleiðarans og kynnti fjárhagsspá félagsins. Einar og Halla yfirlögðu fundinn kl. 14:55.

Klukkan 14:55 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix hf. til fundarins ásamt Erling Tómassyni, fjármálaleiðtoga Carbfix hf. og kynnti fjárhagsspá félagsins og Coda Terminal. Edda Sif og Erling yfirlögðu fundinn kl. 15:15.

Benedikt kynnti fjárhagsspá móðurfélags og samstæðu OR.

Samþykkt að fresta afgreiðslu fjárhagsspár til aukafundar, sem haldinn verður kl. 15:30 þann 2. október nk.

Áhættuskýrsla, dags. 15. september 2023, lögð fram.

Skýrsla um rekstraráhættur, dags. 23. september 2023 lögð fram.

Benedikt og Brynja Kolbrún yfirlögðu fundinn kl. 15:50.

3. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfundar, dags. 25. september 2023. Umræður.
  - Forstjóri lagði fram tillögu og minnisblað stjórnar Orku náttúnnar vegna stækkunar varmastöðvar á Hellisheiði. Óskaði eftir umboði stjórnar til að samþykka stækkun varmastöðvar á hluthafafundi. Umboðið samþykkt samhljóða.

4. Klukkan 16:00 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar til fundarins ásamt Ásu Björk Jónsdóttur. Þær og Arna Vigdís gerðu grein fyrir þróun fjölda starfsfólks og launakostnaðar í samræmi við beiðni stjórnar frá fundi 28. ágúst sl. Umræður.
5. Klukkan 16:15 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri til fundarins og tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Eiríkur greindi frá vinnu að niðurlagningaráætlun Elliðaárstöðvar, deilisskipulagi Elliðaárdals, o.fl. Umræður.

Skúli Þór Helgason yfirgaf fundinn kl 16:25.

6. Lagt fram minnisblað um forðagæslu, dags. 20. september 2023.
7. Samþykkt að taka starfsreglur stjórnar til rýni og að ritari stjórnar leggi fram tillögur að breytingum.
8. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 20.09.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ehf. dags. 23.08.2023*

*Fundargerðir stjórnarfundar Carbfix hf. dags. 20.07, 03.08, 10.08 og 17.08.2023*

*Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 25.09.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 28.08. 2023*

*Minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans ehf. dags. 20.09.2023*

*Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 25.08, 30.08 og 15.09.2023*

9. Lagt fram svar við fyrirspurn Skúla Þórs Helgasonar, dags. 25. september 2023.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 17:00**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. október 2023.  
Aukafundur stjórnar vegna fjárhagsspár verður haldinn mánudaginn 2. október 2023.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 2. október kl. 15:30 var haldinn 342. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Unnur Líndal. Guðveig Lind Eyglóardóttir var fjarverandi.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Benedikt K. Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Benedikt K. Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram að nýju fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2024 og langtímaspá árána 2024-2028.

Benedikt upplýsti að gerðar hafi verið óverulegar leiðréttingar á greinargerð frá þeirri útgáfu sem kynnt var á stjórnarfundum 25. september sl., en engar efnislegar breytingar.

Þórður Gunnarsson leggur fram eftirfarandi bókun og breytingartillögu:

*Áréttuð er bókun frá stjórnarfundum 330 sem fram fór 27. febrúar síðastliðinn, þar sem sagði meðal annars: „Undirritaður leggur því til að stjórn taki til umræðu og umfjöllunar að falla frá arðgreiðslu til eigenda vegna rekstrarársins 2022. Til vara er lagt til að stjórn fresti ákvörðun um arðgreiðslu, þar til framvinda efnahagsmála hefur tekið á sig skýrari mynd.“ Báðum tillögum var hafnað af meirihluta stjórnar.*

*Nú liggur fyrir að afkoma samstæðu OR á fyrri helmingi 2023 var undir því sem lagt var upp með við gerð fjárhagsspár 2023-2027, en samkvæmt henni var hagnaður ársins áætlaður 13 milljarðar eftir skatta. Nú liggur fyrir að hagnaður OR á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 var 1,5 milljarðar króna eftir skatta. Stærsta arðgreiðslan í sögu fyrirtækisins var engu að síður innt af hendi til eigenda á fyrri hluta ársins. Sú arðgreiðsla nam 5,5 milljörðum króna og svaraði til um 70% af hagnaði ársins 2022.*

*Endurgreiðsluferill skulda OR á árinu 2024 er allþungur. Á sama tíma hyggur fyrirtækið á töluverðar fjárfestingar, einkum til að vinna upp undirfjárfestingu áratugarins sem fylgdi fjármálaáfallinu 2008, en þá var nauðsynlegum fjárfestingum slegið á frest til að tryggja rekstrarhæfi fyrirtækisins.*

*Það eru sameiginlegir hagsmunir bæði OR og eigenda fyrirtækisins að fjárhagslegt heilbrigði samstæðu OR sé með besta móti til lengri tíma. Samkvæmt þeirri fjárhagsspá sem nú er lögð fyrir stjórn 2024-28 er ljóst að ekki má mikið út af bera til að arðgreiðslumælikvarðar árána 2024 til 2026 verði innan marka. Þar að auki hefur komið fram umfjöllun fjármálasviðs OR að fjárfestingaþörf fyrirtækisins verði hugsanlega meiri en fjárhagsspá kveður á um í núverandi mynd.*

*Arðgreiðsla ársins 2024 vegna rekstrarársins 2023 er áætluð 6 milljarðar króna. Hafandi í huga afkomu OR á fyrri hluta árs 2023, verðlags- og álverðspróun á þriðja ársfjórðungi og efnahagshorfur það sem eftir lifir árs, ætti arðgreiðsluáætlun OR til næstu ára að vera stjórnarmönnum alvarlegt umhugsunarefni.*

*Undirritaður leggur fram þá breytingartillögu á fjárhagsspá að falla frá arðgreiðslum árunna 2024, 2025 og 2026. Til vara er lagt til að falla frá fyrirhugaðri arðgreiðslu 2024.*

Fjárhagsspáin borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgasonar og Valgarðs Lyngdals Jónssonar. Þórður Gunnarsson og Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir sitja hjá.

Varatillaga Þórðar borin upp og felld. Þórður Gunnarsson og Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir greiða atkvæði með tillögunni en Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason og Valgarður Lyngdal Jónsson á móti.

Aðaltillaga Þórðar borin upp og felld. Þórður Gunnarsson og Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir greiða atkvæði með tillögunni en Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason og Valgarður Lyngdal Jónsson á móti.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:02.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. október 2023.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Unnur Líndal.

**STOFNSAMÞYKKTIR FYRIR [NAFN] HF****EFNISYFIRLIT**

HEITI, AÐILD OG VARNARÞING .....	2
TILGANGUR OG HLUTVERK .....	2
HLUTAFÉ .....	2
SAMSKIPTI VIÐ HLUTHAFA .....	3
EIGIN HLUTIR .....	3
HLUTHAFAFUNDIR .....	3
RÉTTUR TIL SETU, MÁLFRELSI OG TILLÖGURÉTTUR.....	3
BOÐUN OG DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDA .....	4
RAFRÆN ÞÁTTTAKA .....	4
DAGSKRÁ AÐALFUNDA .....	5
FUNDARSTJÓRN.....	5
ÁLYKTUNARHÆFI HLUTHAFAFUNDA .....	5
FUNDARGERÐ .....	6
SKIPAN OG SAMSETNING STJÓRNAR.....	6
HLUTVERK STJÓRNAR.....	7
SKYLDUR STJÓRNAR.....	7
UMBOD STJÓRNAR .....	8
SKIPTING STARFA OG STARFSHÆTTIR.....	9
FUNDIR OG ÁLYKTUNARHÆFI.....	9
UNDIRNEFNDIR.....	9
FRAMKVÆMDASTJÓRI .....	10
SIÐAREGLUR .....	10
FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	11
UPPLÝSINGAGJÖF .....	11
INNRA EFTIRLIT .....	12
ÁRSREIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN .....	12
FÉLAGSSLIT .....	13
BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM.....	13

# DRÖG

## HEITI, AÐILD OG VARNARÞING

### 1. gr.

[NAFN] er hlutafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Lögheimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

*Tilvísun í viðeigandi lög sem gilda um rekstrarform verða aðlöguð að hverju og einu fyrirtæki.*

## TILGANGUR OG HLUTVERK

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að [TILGANGUR].

*Ef ábendingar eru um nauðsyn þess að rýna tilgang félagsins eru ábendingar þar að lútandi vel þagnar.*

## HLUTAFÉ

### 3. gr.

Hlutafé félagsins er kr. [FJÁRHÆÐ] og greinist í hluti hver að fjárhæð ein króna eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutar skulu hljóða á nafn.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þess. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Ákveði hluthafi að nýta ekki forgangsrétt sinn eiga aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum, þar sem tilgreint skal netfang hluthafa sem rafrænar tilkynningar félagsins skulu sendar til.

*Ef félag er rekið sem sameignarfélag eða samlag verða ákvæði um stofnfé aðlöguð hverju sinni til samræmis við rekstrarform.*

Eigendaskipti að fölum hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrir en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Kjósi hluthafi að nýta ekki forkaupsrétt sinn skulu aðrir hluthafar eiga forkaupsrétt að hlutum hans í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra aðila sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur þriggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en fjórir mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsfundar.

*Eðlilegt er þegar um eignarhald opinbers aðila er að ræða - að verulegar takmarkanir gildi um framsal hluta í slíkum félögum.*

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.



## DRÖG

*Ákvæði um ábyrgð eigenda annars konar rekstrarforma verða aðlöguð eins og við á.*

### SAMSKIPTI VIÐ HLUTHAFA

#### 4. gr.

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og tölvupósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír.

Stjórn skal setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur og skulu hluthafar staðfesta þær í samræmi við þær reglur sem stjórn setur.

*Ákvæðið er í takt við kröfur laga um hlutafélög og markaðsvenju.*

### EIGIN HLUTIR

#### 5. gr.

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir eigin hluti félags.

Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.

*Ákvæðið er í takt við kröfur laga um hlutafélög og markaðsvenju.*

### HLUTHAFAFUNDIR

#### 6. gr.

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

*Ákvæðið er í takt við kröfur laga um hlutafélög og markaðsvenju.*

### RÉTTUR TIL SETU, MÁLFRELSI OG TILLÖGURÉTTUR

#### 7. gr.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum félagsins hafa hluthafar félagsins.

Rétt til setu og málfrelsis á hluthafafundum hafa:

- a) Stjórn og varastjórn
- b) Fulltrúar í endurskoðunarnefnd
- c) Framkvæmdastjóri eða forstjóri
- d) Endurskoðendur

Meirihluta stjórnar og endurskoðendum félagsins er jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins.

*Ákvæðin eru í takt við góða stjórnarhætti til að tryggja viðveru helstu stjórnar- og eftirlitsaðila á fundum hluthafa.*

Borgarfulltrúum er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir og fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund, sbr. ákvæði 4. mgr. 80. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Frambjóðendum til stjórnar er enn fremur heimilt að sækja fund.

## BOÐUN OG DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDA

### 8. gr.

Stjórn félagsins boðar hluthafa til hluthafafunda með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Fundir skulu haldnir á starfsstöð félagsins, en stjórn hefur heimild til að ákveða að halda fundi annars staðar.

Fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum skal senda hluthöfum með rafrænum hætti sbr. 4. gr. og birta á heimasíðu félagsins.

Stjórn skal boða til hluthafafundar ef endurskoðandi félagsins eða a.m.k. 20% hluthafa krefst þess, í síðasta lagi innan 14 daga frá því að henni barst slík krafa. Sá sem krefst aukafundar skal senda skriflega beiðni þar um til stjórnar og tilgreina fundarefni.

Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með að minnsta kosti 21 dags fyrirvara. Senda skal ályktunartillögur hluthafa til allra hluthafa eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.

Endanleg dagskrá og tillögur skulu sendar hluthöfum eigi síðar en fjórtán dögum fyrir fund.

*Lengdur boðunarfrestur er settur til að tryggja að eigandafyrirsvar Reykjavíkurborgar geti aflað nauðsynlegs umboð borgarráðs og eftir atvikum borgarstjórnar vegna framlagðra tillagna.*

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutfjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boða til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutfjár í félaginu að hið minnsta.

Mál sem ekki hafa verið tilgreind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu. Löglegar fram bornar breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið hluthöfum til sýnis, enda gangi þær skemur gagnvart réttindum hluthafa en upphafleg tillaga kveður á um.

*Takmarkanir á samþykki á breytingartillögum eru nauðsynlegar í ljósi afmörkunar hverju sinni á umboði eigandafyrirsvars til að taka afstöðu til mála á hluthafafundi skv. framlögðum tillögum. Ákvæðið er í takt við áralanga framkvæmd vegna heimilda stjórnenda lífeyrissjóða til að taka afstöðu til takmarkaðra breytingartillagna á hluthafafundum.*

## RAFREN ÞÁTTTAKA

### 9. gr.

Stjórn er heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórn að nýta þessa heimild, skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Upplýsingar skulu jafnframt veittar um nauðsynlegan tæknibúnað fyrir hluthafa, hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um viðkomandi fjarskiptabúnað sem nota á við framkvæmd fundarins.

Komi fram mótmæli hluthafa, innan 7 daga frá fundarboði, um að hluthafafundur verði haldinn eð rafrænum hætti og óskar eftir að fundur verði haldinn með hefðbundnum hætti, skal stjórn verða við slíkri beiðni og tilkynna öðrum hluthöfum um slíka breytingu án tafar.

*Ákvæðið er í takt við kröfur laga um hlutafélög og markaðsvenju.*

## DAGSKRÁ AÐALFUNDA

### 10. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar [**DAGSETNING**] ár hvert.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir til afgreiðslu:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Ársreikningur og skýrsla endurskoðanda
3. Tillaga stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga stjórnar um stefnu og framtíðarsýn og helstu mælikvarða
5. Tillaga stjórnar um fjárhags- og starfsáætlun
6. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu
7. Tillaga stjórnar um um fjárfestingaráætlun
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
9. Aðrar stefnur sem stjórn skal bera undir hluthafafund skv. 3. mgr. 17. gr.
10. Kosning endurskoðunarfélags
11. Tillögur stjórnar um skipan undirnefndar skv. 20. gr., ef við á
12. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til undirnefndar, ef við á
13. Kosið í stjórn félagsins, ef við á skv. ákvæði 2. mgr. 14. gr.
14. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til stjórnar
15. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

*Ákvæðið er í takt við Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar og er ætlað að auka aðkomu eigenda að stefnumarkandi ákvarðanatöku og væntingar eigenda og stjórnar stilltar af.*

*Ákvæðið verður aðlagð að hverju og einu fyrirtæki fyrir sig skv. nánara samráði við stjórn.*

## FUNDARSTJÓRN

### 11. gr.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins.

Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

## ÁLYKTUNARHÆFI HLUTHAFAFUNDA

### 12. gr.

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða lögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir einstaklingar eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skulu vera skriflegar ef einhver hluthafa krefst þess.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á samþykktum þessum verði gildar:

- a) Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
- b) Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.

## DRÖG

- c) Að takmarka heimildir hluthafa til meðferðar á hlutum sínum.
- d) Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

*Ef félagið er ekki rekið sem hlutafélag verður ákvæðið aðlagð að rekstrarformi hverju sinni.*

### FUNDARGERÐ

#### 13. gr.

Rita skal fundargerð um það sem gerist á hluthafafundum.

Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok, en fundarstjóri getur óskað eftir heimild hluthafafundar til að ganga frá fundargerð með fundarritara í kjölfar fundar. Fundargerðir skulu undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.

Í síðasta lagi sjö dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerð eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins og á vefsvæði þess.

### SKIPAN OG SAMSETNING STJÓRNAR

#### 14. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar **[og jafn margir til vara, sem taka skulu sæti stjórnarmanna sem forfallast tímabundið.]** Forfallist stjórnarmaður varanlega skal stjórn boða til hluthafafundar þar sem kosning stjórnarmanns er á dagskrá. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og samþykktum þessum.

*Lagt er til að stjórnarmenn verði að meginstefnu til fimm talsins.*

*Mismunandi er eftir félögum hvort varamenn eru kjörnir eða ekki og er ekki lögð til breyting á því fyrirkomulagi sem nú gildir hjá hverju og einu fyrirtæki. Hins vegar er lagt er til, að þar sem varamönnum er til að dreifa – þá taki þeir einungis sæti í stjórn ef stjórnarmaður forfallast tímabundið en ekki ef stjórnarmaður forfallast varanlega.*

*Ef stjórnarmaður forfallast varanlega – er ákvörðun um kosningu nýs stjórnarmann sett í hendur hluthafa á hluthafafundi, þar sem gefst færi á byggja á faglegu mati um breidd í þekkingu og reynslu stjórnar sem heildar eins og við á hverju sinni. Það mat kann að vera breytilegt frá einum tíma til annars – og sér í lagi í ljósi þess að stjórnarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn.*

Hluthafafundur kys einstaklinga í stjórn með hlutfallskosningu og skal kjörtímabil stjórnar vera til fjögurra ára. Kosið skal til stjórnar á tveggja ára fresti í samræmi við kjörtímabil sveitarstjórna, þannig að kjörtímabil einstaklinga skarast. Þannig skulu tveir einstaklingar kjörnir í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna til fjögurra ára og að tveimur árum liðnum skulu þrír einstaklingar kjörnir til fjögurra ára.

*Kjörtímabil stjórnarmanna er lengt í 4 ár til að tryggja samfellu í stjórn. Janframt er stjórn kosin í tvennu lagi þannig að minnkuð sé hættu á að allir stjórnarmenn hætti á sama tíma.*

Meirihluti stjórnar skal óháður félaginu og eigendum þess. Aðili telst óháður félaginu og eigendum þess samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti hverju sinni. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda og starfsmenn hlutaðeigandi sveitarfélaga, á yfirstandandi og næstliðnu kjörtímabili, teljast ekki óháðir stjórnarmenn.

*Ákvæðin eru í takt við Almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar og leiðbeiningar Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar OECD um góða stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu.*

## DRÖG

Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna hverju sinni.

Náist kynjahlutföll 3. mgr. ekki við stjórnarkjör telst kosningin í aðal[-eða vara]stjórn ógild. Endurtaka skal stjórnarkjör á sama hluthafafundi þegar ljóst er að niðurstöður stjórnarkjörsins eru ófullnægjandi. Náist niðurstaða ekki eftir endurteknar kosningar skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem haldinn skal innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Starfandi stjórn félagsins situr áfram þar til lögmæt kosning fer fram.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri einstaklinga í stjórn en kjósa skal.

*Ákvæðið er í takt við kröfur laga um hlutafélög og markaðsvenju.*

### HLUTVERK STJÓRNAR

#### 15. gr.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Hlutverk stjórnar er m.a. eftirfarandi:

- Marka stefnu félagsins, sbr. ákvæði 4.-8.tl. 10. gr. og 3. mgr. 17. gr.
- Ráða framkvæmdastjóra og setja honum starfsreglur sem marki skil á störfum hans gagnvart stjórn, s.s. varðandi hlutverk, umboð, ábyrgð, ákvarðanatöku og upplýsingagjöf.
- Hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra, bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna félagsins.
- Setja upp skilvirkt innra eftirlit og samþykkja innri endurskoðunaráætlanir.
- Önnur verkefni sem stjórn eru falin samkvæmt samþykktum þessum.

*Hlutverk stjórnar er skilgreint með ítarlegri hætti en áður til aukins skýrleika á hlutverki og ábyrgð stjórnar í takt við góða stjórnarhætti.*

### SKYLDUR STJÓRNAR

#### 16. gr.

Stjórn skal hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að félagið sé rekið á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa og alls samfélagsins að leiðarljósi.

Stjórn félagsins er sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á þeim gagnvart hluthöfum.

Stjórn skal hafa hagsmuni félagsins ávallt í fyrirrúmi í samræmi við meginreglur félagaréttar um trúnaðarskyldu stjórnar.

Stjórn skal gæta hagsmuna allra hluthafa jafnt í samræmi við meginreglur félagaréttar um jafnræði hluthafa.

Þeir sem veljast til stjórnarstarfa skulu sinna þeim af heiðarleika og áreiðanleika og verja nægjanlegum tíma til að sinna stjórnarstörfum sínum af kostgæfni.

## DRÖG

Stjórn skal viðhafa góða stjórnarhætti, á samstæðugrunni ef við á, og fara eftir viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, þar með talið varðandi:

- a) Setningu verklagsreglna um framkvæmd starfa sinna
- b) Skilgreiningu á hlutverki formanns stjórnar
- c) Hagsmunaskráningu stjórnar og framkvæmdastjóra, hagsmunaárekstra (vanhæfi) og ef við á regluvörslu.
- d) Skipan undirnefnda, þar með talið skilgreiningu á hlutverki, umboði og ábyrgð þeirra
- e) Framkvæma árlega árangursmat á árangri félagsins og störfum stjórnar, undirnefnda og framkvæmdastjóra.

Stjórn skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar, í samræmi við ákvæði gildandi laga um ársreikninga hverju sinni. Í stjórnarháttayfirlýsingu skal jafnframt upplýst um fylgni félagsins og stjórnar við Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar.

*Ákvæðin eru í takt við leiðbeiningar Viðskiptaráðs ofl. um góða stjórnarhætti og leiðbeiningar OECD um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu.*

### UMBOÐ STJÓRNAR

#### 17. gr.

Stjórn veitir prókúruumboð. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

Umboð stjórnar takmarkast á hverjum tíma við ákvæði laga, tilgang félagsins skv. samþykktum þessum og ákvæðum þeirra að öðru leyti.

Stjórn annast stefnumörkun félagsins, sem skal háð samþykki lögmæts hluthafafundar á eftirfarandi sviðum:

- a) Áhættustefna/áhættuvilji
- b) Samkeppnisstefna
- c) Jafnréttisstefna
- d) Umhverfis- og auðlindastefna
- e) [...]

*Umboð stjórnar er skilgreint með ítarlegri hætti en áður til aukins skýrleika á umboði stjórnar gagnvart eigendafundum í takt við góða stjórnarhætti.*

*Stefnumörkun sem tilgreind er í ákvæðinu kemur aðeins til samþykkis hluthafafundar þegar stefna er sett í upphafi og síðar ef lagðar eru til breytingar á henni – öfugt við stefnumörkun skv. 10. gr. sem kemur árlega til umfjöllunar hluthafafunda.*

*Með þessum hætti er opinberum eiganda gert kleift að hafa aðkomu að mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrirtækis - og væntingar eigenda og stjórnar stilltar af. Hvaða stefnumörkun er nákvæmlega háð samþykki hluthafafundar verður útfært í hverju tilviki fyrir sig í samráði við stjórn hvers og eins fyrirtækis.*

## SKIPTING STARFA OG STARFSHÆTTIR

### 18. gr.

[Stjórn félagsins kys sér formann úr sínum hópi], en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

*Stjórn skiptir sjálf með sér verkum en í einhverum tilvikum er formaður kjörinn af eigendafundi.*

Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundi starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár hennar, þar sem m.a. skal kveðið á um reglulega fundi stjórnar.

Formaður lætur boða stjórnarfundi í samræmi við starfsáætlun stjórnar og aukafundi eftir því sem þörf krefur. Stjórnarformanni er skylt að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða endurskoðunarfélag félagsins krefst þess. **[Varamenn taka sæti í stjórn félagsins í tímabundnum forföllum aðalmanna samkvæmt ákvæðum í starfsreglum stjórnar.]**

*Ákvæðin eru í takt við leiðbeiningar Viðskiptaráðs ofl. um góða stjórnarhætti og leiðbeiningar OECD um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu.*

## FUNDIR OG ÁLYKTUNARHÆFI

### 19. gr.

Stjórn er ályktunarbær ef meirihluti stjórnar sækir þá, en mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi átt þess kost á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn skal halda fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni. Fundargerðir stjórnar skulu vera opinberar, birtar á heimasíðu félagsins og þær sendar eigandafyrirsvari eigenda, nema félagið hafi hlotið undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga.

## UNDIRNEFNDIR

### 20. gr.

Stjórn getur skipað sérstakar undirnefndir stjórnar, til að annast undirbúning einstakra verkefna fyrir stjórn félagsins. Við skipan slíkra nefnda skal samið erindisbréf þar sem kveðið á um:

1. Tilgangur og hlutverk nefndar
2. Skipan nefndar
3. Hlutverk formanns
4. Verklag við undirbúning, boðun og framkvæmd funda
5. Ályktunarhæfi
6. Vanhæfi
7. Fundargerðir
8. Upplýsingagjöf til stjórnar
9. Greiðsla kostnaðar vegna starfa nefndar
10. Samskipti við starfsmenn og stjórnarmenn
11. Starfstími nefndar

Undirnefndir skulu semja starfsáætlanir þar sem kveðið skal á um framvindu nefndarstarfsins og áætlaða fundi. Starfsáætlanir undirnefnda skulu samþykktar af stjórn.

## DRÖG

Skipan nefndar skal í heild sinni lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.

*Lagt er til að rammi utan um störf undirnefnda sé skýr og samþykki hluthafafundar þurfi til að skipa undirnefnd stjórnar sbr. og ákvæði 10. gr. þar sem skipan og greiðsla þóknana til undirnefnda eru háðar samþykki hluthafafundar.*

### FRAMKVÆMDASTJÓRI

#### 21. gr.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann ráðningarsamning og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og heyrir undir hana.

Hlutverk framkvæmdastjóra félagsins er m.a. eftirfarandi:

1. Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi félagsins
2. Ábyrgð á ráðningu starfsfólks og uppsögn þeirra.
3. Ábyrgð á að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og að meðferð eigna félagsins séu með tryggilegum hætti.
4. Ber óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir undir stjórn eins og nánar greinir í starfsreglum sem stjórn setur honum skv. 1. mgr.
5. Ber ábyrgð á innleiðingu ákvarðana stjórnar og ákvarðana aðalfunda og aukafunda hluthafa.
6. Annast önnur verkefni sem honum eru falin samkvæmt samþykktum þessum.

Framkvæmdastjóri fer með prókúru félagsins eins og nánar greinir í starfsreglum sem stjórn setur honum skv. 1. mgr.

*Ákvæði sem snúa að starfi framkvæmdastjóra eru ítarlegri en áður til aukins skýrleika á hlutverki, umboði og ábyrgð hans - í takt við góða stjórnarhætti.*

*Gert ráð fyrir að stjórn útfæri nánar hlutverk, umboð og ábyrgð í starfsreglum sem stjórn setur framkvæmdastjóra.*

### SIÐAREGLUR

#### 22. gr.

Stjórn skal setja félaginu siðareglur sem nái til stjórnar, stjórnenda og starfsfólks og eftir atvikum birgja félagsins. Siðareglurnar skulu a.m.k. ná til eftirtalinna atriða.

- a) Skilgreining hagaðila félagsins og samskipti við þá
- b) Ábyrgir og góðir viðskiptahættir
- c) Viðskipti, gjafir og hagsmunaárekstrar
- d) Innkaup
- e) Varnir gegn svikum, mútum og spillingu í samræmi við viðurkennda viðskiptavenjur og leiðbeiningar
- f) Bann við fjármögnun pólitískra verkefna
- g) Samfélagsleg ábyrgð, þ.m.t. umhverfismál, mannréttindi og sjálfbærni
- h) Samkeppni
- i) Vernd eigna og upplýsinga
- j) Trúnaður
- k) Ferli fyrir uppljóstranir og vernd uppljóstrara

Siðareglurnar skulu gilda á samstæðugrunni félagsins, ef við á.



## DRÖG

*Gerðar eru ítarlegar kröfur til efnistaka siðareglna fyrirtækja í takt við Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar.*

### FJÁRHAGSÁÆTLUN

#### 23. gr.

Á meðan félagið er í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar skal stjórn þess gera tillögu að meginforsendum fjárhagsáætlunar félagsins til eigandafyrirsvars Reykjavíkurborgar í samræmi ákvæði við Almennrar eigandastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma.

Stjórn og framkvæmdastjóri útfæra í kjölfarið fjárhags- og starfsáætlun félagsins í samræmi við þær forsendur sem samþykktar hafa verið af eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar og skal endanleg áætlun samþykkt af stjórn félagsins og send eigandafyrirsvari í samræmi við ákvæði gildandi Almennrar eigandastefnu Reykjavíkur.

*Ákvæðið er í takt við Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar og skyldur sveitarfélaga til uppgjörs á samstæðugrunni.*

### UPPLÝSINGAGJÖF

#### 24. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu leggja ríka áherslu á gegnsæi og góða stjórnarhætti. Upplýsingargjöf stjórnar til hluthafa skal að lágmarki taka mið af eftirfarandi reglum:

- a) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 (ÁRL) um viðbótarupplýsingar í skýrslu stjórnar um árangur, áhættu og óvissuþætti
- b) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. a ÁRL um upplýsingar í skýrslu stjórnar, m.a. um hlutafé og hluthafa, samninga við hluthafa og stjórnarmenn og starfsfólk
- c) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. c. ÁRL um stjórnarháttayfirlýsingar, í samræmi við gildandi Leiðbeiningar Viðskiptaráðs o.fl. hverju sinni um góða stjórnarhættie
- d) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. d ÁRL um skýrslu stjórnar um ófjárhagslega upplýsingagjöf á sviði umhverfis-, samfélags- og starfsmannamála og stefnu í mannréttindamálum og varnir vegna spillingar- og mútumála.
- e) **[Ásreikningur skal að öðru leyti gerður í samræmi við IFRS uppgjörsstaðla.]**
- f) Þau verkefni sem félagið annast á grundvelli opinberrar stefnumörkunar Reykjavíkur, skulu sérgreind reikningum félagsins, ásamt kostnaði sem af slíkum verkefnum leiðir, sem og fjármögnun þeirra.
- g) Félagið skal gefa út UFS skýrslu í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar þar að lútandi.
- h) Stjórn skal upplýsa hluthafa um fjárhagsleg uppgjör, aðstæður eða atvik í rekstri félagsins í samræmi við reglur sem gilda um upplýsingaskyldu útgefenda fjármálagerna á Nasdaq Iceland hf., t.d. varðandi tíðni birtingu fjárhagsupplýsinga og aðra upplýsingaskyldu.
- i) Stjórn félagsins skal upplýsa hluthafa um aðrar upplýsingar um málefni sem skipta hluthafa og aðra haghafa máli, þótt upplýsingarnar kalli ekki á ákvörðun af hálfu hluthafa.

Meðan félagið er hluti af samstæðu Reykjavíkurborgar skal það leitast við að opna bókhald sitt almenningi eftir því sem við á m.t.t. eðlis starfsemi þeirra og samkeppnisstöðu.

## DRÖG

Viðskipti milli félagsins og hluthafa skulu fara fram á markaðskjörum og stjórn félagsins skal upplýsa í ársreikningi um viðskipti milli félagsins og hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutfjár, þ.e. fjárhæð viðskipta, kjör og aðra helstu skilmála.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu jafnframt ná til dótturfélaga og birtar á heimasíðu félagsins, nema sérstakur trúnaður um þær leiði af lögum eða öðrum atvikum.

*Ákvæðin eru í takt við Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar um aukið gegnsæi og upplýsingagjöf fyrirtækja í eigu borgarinnar.*

*Einstökum ákvæðum kann að vera ofaukið fyrir ákveðin fyrirtæki og verða endanlega útfærð í nánara samstarfi við stjórn hvers og eins þeirra.*

### INNRA EFTIRLIT

#### 25. gr.

Á meðan félagið er hluti af samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er starfandi innri endurskoðunardeild innan félagsins, annast Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar innri endurskoðun félagsins í samræmi við ákvæði laga, samþykkt borgarstjórnar og viðurkenndar venjur þar að lútandi, sbr. þó ákvæði 1. málsl. 3. mgr.

Innri endurskoðun og ráðgjöf leggur innri endurskoðunaráætlanir félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til afgreiðslu og stjórn félagsins til samþykktar sbr. þó ákvæði 2. málsl. 3. mgr.

Starfi innri endurskoðunardeild innan félagsins eða henni hefur verið útvistað til þriðja aðila, skal Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar hafa eftirlit með gæðum þeirrar starfsemi. Enn fremur skal innri endurskoðunaráætlun félagsins gerð í samráði við Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar áður en hún er lögð fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til afgreiðslu.

*Ákvæðið er í takt við Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar.*

### ÁRSREIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

#### 26. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og reikningar þess skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem kosinn er á aðalfundi til eins árs í senn sbr. ákvæði 10. gr. Um hæfi endurskoðanda fer að lögum.

Endurskoðandi skal í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur endurskoða ársreikninga félagsins og í því sambandi kanna bókhaldsgögn og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. Er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum. Að öðru leyti fer um störf hans að lögum.

Ársreikningur skal útbúinn í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og sýna skilmerkilega og rækilega tekjur og gjöld félagsins, eignir þess og skuldir, og eftir því sem við á upplýsingum skv. ÁRL sem greinir í ákvæði 24. gr.

*Ákvæðið er í takt við Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar.*

# DRÖG

## FÉLAGSSLIT

### 27. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi samkvæmt XIII. kafla hlutafélagalaga.

*Slit sameignarfélaga verða aðlöguð nógildandi reglum um þau*

## BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

### 28. gr.

Samþykktum þessum má breyta á löglega boðuðum hluthafafundi með samþykki minnst 2/3 hluthafa, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 12. gr., enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

*Samþykki til breytinga á stofnsamningum sameignarfélaga verða aðlöguð nógildandi reglum um þau.*

Þannig samþykkt á hluthafafundir X hf. þann [dagsetning]

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur

**Sendandi:** Elín Smáradóttir

**Dagsetning:** 23. október 2023

**Efni:** **Um tillögu að stofnsamþykktum OR**

Borgarritari hefur sent Orkuveitu Reykjavíkur drög að svokölluðum stofnsamþykktum fyrir fyrirtækið, en Reykjavíkurborg hefur á grundvelli eigendastefnu borgarinnar um fyrirtæki í hennar eigu lagt áherslu á að setja samræmdar stofnsamþykktir fyrir fyrirtækin.

Um Orkuveitu Reykjavíkur (OR) gilda lög nr. 136/2016, í gildi er sameignarsamningur eigenda, sem síðast var uppfærður árið 2014, auk eigendastefnu eigenda fyrirtækisins, sem einnig var uppfærð síðast árið 2014.

Fyrirliggjandi drög að stofnsamþykktum byggja á því að um hlutfélög sé að ræða en OR er sem kunnugt er sameignarfyrirtæki. Í gegnum tíðina hefur oft verið rætt um kosti þess að breyta félagsformi OR, þannig að það verði opinbert hlutfélag og er skoðun á því í gangi. Til þess þyrfti breytingu á lögum um OR og rætt hefur verið um fleiri lagabreytingar vegna skattalegra ástæðna.

Einnig þyrfti að endurskoða og breyta sameignarsamningi og eigendastefnu OR til að samræma drögum að stofnsamþykktum, því efni draganna er í mörgum atriðum í ósamræmi við gildandi ákvæði sameignarsamnings og eigendastefnu. Eigendur þyrftu að sammælast um slíkar breytingar, því eins og segir í eigendastefnunni er hún *samstarfssáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórnnum og staðfestar á eigendafundi*. Það er af mörgum ástæðum tímabært að gera breytingar á eigendastefnunni og hafa handhafar eigendavalds rætt það á eigendafundum, en vinnan hefur ekki hafist.

Lagt er til að stjórn OR samþykki að skora á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur. Stofnsamþykktir skv. fyrirliggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.

# MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 343  
**Sendandi:** Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja og Snorri J. Egilsson, sérfræðingur í loftslags- og umhverfismálum  
**Dagsetning:** 19. október 2023  
**Efni:** Umhverfismál fyrir stjórn OR 23. október 2023. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“

Heiti mælikvarða	2020				2021				2022				2023			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfíx í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt															*	
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt															**	
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

\*3.ÁF: Öhreinsað skólp í sjó og heitt vatn út í umhverfið, bakvatn rann um ofanvatnsyfirfall í Vogabyggð, stígur lagður á brunnsvæði vatnsveitu  
 \*\*3.ÁF: 4x bílun eða stöðvun í lofthreinsistöð, 1x rennsli á yfirfall Hellisheiðarvirkjunar, 1x aukin varmalosun á yfirborð við Nesjavallavirkjun.

**Athugið:** Minnisblaðið mun taka breytingum í kjölfar heildarstefnumótunar OR.

## Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfíx í gildi og uppfyllt

### ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

#### Elliðaár:

- Búið að loka Elliðaánum tímabundið með grindum til að hindra að eldislax komist upp í árnar sbr. tilmæli Fiskistofu.
- Endurnýjun laxateljaramannvirkis neðan Elliðaárráfstöðvar er hafin. Stefnt er að verklokum vorið 2024

#### Elliðavatnsland - Heiðmörk:

- Mistök urðu við sameiginlega framkvæmd OR og RVK þegar ráðist var í gerð tengingar við svokallaðan Ullarhring sem er gönguskíðabraut í Heiðmörk. Markmiðið með framkvæmdinni var að bæta flæði útivistarfólks um svæðið. Hins vegar kom í ljós að tengingin liggur innan brunnsvæðis vatnsbóla við Myllulæk en einungis hluti brunnsvæðisins er afgirtur en starfsfólk OR hafði ekki áttað sig á því. Búið er að loka tengingunni en rótargreining hefur farið fram með öllum aðilum málsins og verkefni frá þeirri vinnu sett í gang.
- Tafir hafa orðið á niðurrífi Elliðavatnsblettu. Minjastofnun hefur óskað eftir sögulegri úttekt á svæðinu til að hægt sé að varðveita menningarsögulegt gildi þess sem ein elsta sumarhúsabyggð á Íslandi.

### ORKA NÁTTÚRUNNAR:

#### Andakílsárvirkjun og Skorradalsvatn:

- Starfsleyfi Andakílsárvirkjunar þarf að endurnýja fyrir 10. maí 2024. Undirbúningur er hafinn.
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands kom í vettvangsferð í Andakíl 4. september sl. Eftirlit var án athugasemda.

#### Jarðvarmavirkjanir:

- Stöðvun varð á lofthreinsistöð 2-6. október vegna viðhalds. Tilkynnt.

#### Samskipti við hagsmunaaðila: Ekkert nýtt.

**Forðagæsla:** Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

### VEITUR:

**Vatnsveita:** Sjá umfjöllun um Elliðavatnsland – Heiðmörk að ofan.

**Hitaveita:** Ekkert nýtt

**Rafveita:** Ekkert nýtt.

#### Fráveita:

- Losun á óhreinsuðu skólpi í sjó um neyðarlúgu vegna bílunar í stjórnþúnaði í Ánanaustum (34 mín.), vegna viðgerða á stjórnþúnaði í Ánanaustum (10 mín.) og vegna mikillar úrkomu í Skeljanesi (65 mín.).
- Athugasemd barst frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands um að lífrænt álag fráveitu Akranes hafi verið umfram starfsleyfismörk. Veitur stýra ekki með beinum hætti lífræna álaginu á fráveitukerfið en aukna álagið kemur frá eldisfyrirtæki í bænum. Þríhliða samtál er byrjað milli Veitna, fyrirtækisins og heilbrigðiseftirlitsins.

**Forðagæsla:** Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

### CARBFIX: Ekkert nýtt.

## Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

Það sem af er 2023 hefur styrkur brennisteinsvetnis verið undir mörkum.

### Loftslagsmál

- Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar kom út 18. október. OR samstæðan mun fara yfir hvort loftslagsáhættur samstæðunnar þarfnist endurskoðunar ásamt fleiri verkefnum. [Hlekkur á skýrslu og ágríp.](#)
- 10.-11. desember nk. mun Bureau Veritas sinna forúttekt á þeirri aðferðafræði sem liggur að baki loftslagsbókhaldi OR samstæðu. Fyrirtækið mun gera lokaúttekt á bókhaldinu v. Ársskýrslu OR í febrúar.

### Annað

**Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl:** Ekkert nýtt

**Mat á umhverfisáhrifum ofl:** Ekkert nýtt.

#### Þekkingarmiðlun:

- WGC 2023 var haldin í Kína í september sl. Fulltrúar frá OR, Veitum og ON héldu erindi um loftslagsvegferð samstæðunnar sem og nýjungar í hitaveitu og virkjunum og niðurdælingu CO<sub>2</sub> á Hellisheiði.
- Stjórnvísí í október: Umhverfismál OR héldu erindi um staðfestingu SBTi á loftslagsmarkmiðum OR samstæðu. Sjálfbærnistjórn OR mun einnig halda erindi um innleiðingu sjálfbærnireglugerða á fundi sjálfbærnihóps Stjórnvísis.

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Sævar Freyr Þránínsson, forstjóri  
**Sendandi:** Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir  
**Dagsetning:** 23.10. 2023  
**Efni:** **Minnisblað auðlindir og nýsköpun**

---

### Staða leyfismála vegna rannsóknarborana á nýjum svæðum

Undirbúningur er í gangi fyrir rannsóknir á þremur svæðum, í nýtingarflokki rammaáætlunar. Tvö svæðanna, Meitlar og Hverahlíð II, eru í Sveitarfélaginu Ölfusi. Þverárdalur er í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### Verkefni í Ölfusi

Á fundi skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss voru lögð fram tvö verkefni OR í september:

- Tillaga að deiliskipulagi fyrir tvær rannsóknarboranir í Meitlum (norður), til auglýsingar.
- Skipulags- og matslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna rannsóknar- og vinnsluhola í Hverahlíð II og Meitlum (suður), til kynningar.

Nefndin frestar afgreiðslu í málum báðum og vísar í að upplýsa þurfi með hvaða hætti verkefnin falli að Orku- og auðlindastefnu sveitarfélagsins.

Brugðist hefur verið við þessari afgreiðslu með kynningu í bæjarstjórn í Ölfusi og minniblaði með frekari rökstuðning varðandi hvernig verkefni falla að Orku- og auðlindastefnu sveitarfélagsins. Beðið er eftir úrvinnslu og viðbrögðum skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Unnið er að umhverfismati fyrir rannsóknar- og vinnsluholur í Hverahlíð II og Meitlum (suður). Drög að matsáætlun liggja nú fyrir og gert ráð fyrir að matsáætlun verði send til Skipulagsstofnunar í október mánuði. Í sumar verið unnið að grunnrannsóknum fyrir umhverfismatið, þ.e. rannsóknir á gróðri og fuglalífi, úttekt á náttúruminum og fornleifaskráning. Gert er ráð fyrir að í haust verði unnin úttekt á notkun ferðapjónustuaðila og skipulagðra útivistarhópa á svæðinu og viðhorf þeirra til framkvæmda.

#### Verkefni í Grímsnes- og Grafningshreppi

Lögð hefur verið fram ósk um aðalskipulagsbreytingu vegna rannsóknarborana í Þverárdal fram hjá skipulagsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur gefið heimild til að hefja vinnu við aðalskipulagsbreytingu. Sveitarstjórn vill þó áréttta að þar með sé ekki verið að heimila orkuöflun innan svæðis og mun fjalla sérstaklega um það þegar sú ósk liggur fyrir. Sveitarstjórn vísar í bókun sína frá 1. mars 2023 þar sem tekið er undir bókun Samtaka orkusveitarfélaga frá 17. febrúar þar sem sveitarfélög eru hvött til að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög en slík vinna er nú þegar hafin.*

Gert er ráð fyrir að úrvinnsla úr yfirborðsrannsóknum í Þverárdal liggja fyrir um miðjan október og á grunni þeirra verður tekin ákvörðun um ákjósanlega staðsetningu á rannsóknarholum. Þegar það liggur fyrir er stefnt að því að sækja um rannsóknarleyfi og hefja umhverfismats- og skipulagsferli.

### Fundir með nærsamfélagi vegna fyrirhugaðra verkefna

Eins og nefnt hefur verið í fyrri minnisblöðum er fyrirhugað að kynna áform um rannsóknarboranir á nýjum svæðum í Henglinum, fyrirhugaðar rannsóknir á vindorku á þrem svæðum ásamt könnun á

möguleika á dæluvirkjun fyrir þeim sveitarfélögum sem eiga hlut að núna í haust. Fundað hefur verið með sveitar-/bæjar- stjórnunum í Ölfusi, Grímsnes og Grafningshrepp, Mosfellsbæ, Hveragerði og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Verið er að skoða hvort halda eigi opna íbúafundi í sveitarfélögunum eða kynningarfund á Hellsheiði. Fyrirhugað var að ná til allra landeigenda vegna dæluvirkjunarinnar með íbúafundi en hætt var við þann fund og er nú verið að skoða að halda landeigendafund. Áður en opinn kynningarfund á Hellsheiði er haldinn er áformað að halda almennan kynningarfund um sama málefni innan samstæðunnar.

### Borun NJ-33

Borun næstu háhitaholu á Nesjavöllum, NJ-33, hófst miðvikudaginn 4. október. Borun hefur byrjað vel og áætlað er að ljúka fyrsta áfanga borunnar, borun fyrir yfirborðsfóðringu, í kringum 10. október. Áætluð borlok eru í enda nóvember.


### Vinnustofa um framkvæmd og árangur sumarhvíldar og vatnaskipta

Sumarhvíld lághitasvæða á höfuðborgarsvæðinu hefur nú farið fram seinustu fjögur sumur. Mismikið hefur verið hvílt á hverju sumri en heilt yfir hefur tímabilið verið að lengjast. Af því tilefni var haldin vinnustofa þann 12. október með því markmiði að fara yfir árangur hvíldarinnar og vatnaskipta í dreifikerfinu og þær áskoranir sem komið hafa upp við þennan breytta rekstur. Vinnustofuna sátu fulltrúar frá hitaveitunni, stjórnstöð Veitna og Rannsóknunum og nýsköpun OR. Heilt yfir er reynslan af vatnaskiptunum jákvæð og ástæða til þess í framtíðinni að haga rekstri hitaveitunnar þannig að hitaveituvatn frá virkjununum í Hengli verði háværkuð.

### Staða grunnvatns

Mælingar á stöðu grunnvatnsborðs í Heiðmörk og á öðrum vatnsvinnslusvæðum Veitna eru notaðar til þess að fylgjast með stöðu grunnvatnsforða neysluvatnsauðlinda. Nú er búið að sækja og vinna gögn úr rúmlega fimmtíu skynjurum sem komið hefur verið fyrir í borholum víðsvegar um vinnslusvæði Veitna og Orku Náttúrunnar undanfarin ár. Þrátt fyrir töluverða þurrka í sumar kom hvergi til vandamála með afhendingaröryggi. Á mynd 1 má sjá vatnsstöðu í holu VK-01 í Vatnsendakrikum í Heiðmörk undanfarin ár. Sjá má að sumarlækkun grunnvatnsborðs í ár hefur varað lengur en undanfarin ár og að vatnsborð í október í stendur lægra en það hefur gert undanfarin ár. Þetta er þó ekki úr takti við söguleg gögn og því eru engin vandamál með afhendingu fyrirséð. Áfram verður fylgst náið með grunnvatnsborði á öllum vinnslusvæðum Veitna.

Vatnsborð Vatnsendakriki – VK-01



Mynd 1 Grunnvatnsborð í borholu VK-01 í Vatnsendakrikum undanfarin ár.



# Vegvísir forðamála fyrir vatnsveitur á Hvanneyri og í Reykholtssdal


Stefnuverkefni um framtíðarsýn  
forðamála fyrir Reykholtssdal og  
Hvanneyri

Kynning fyrir stjórn OR  
23.10.2023



# Stefnuverkefni um framtíðarsýn í forðamálum

## Framtíðarsýn í forðamálum




Hlutfall neysluvatnsforða þar sem búið er að vinna framtíðarsýn

# Dagskrá


- Meginþættir stefnuverkefnis um framtíðarsýn forðamála
  - Yfirlit um vatnsöflun á svæðunum
  - Eftirspurnarspár
  - Auðlindir á veitusvæðum
  - Vegvísir að forðaöflun til að halda vinnslugetu yfir eftirspurn
    - Samanburður forðakosta
    - Tímasettar tillögur um aðgerðir til að auka forða ef þarf
    - Aðrar úrbótatillögur

# Veitusvæðin




# Neysluvatnsforði - Hvanneyri

- Vatnsból í **lausum jarðlögum** sem hafa hlaðist upp í lok ísaldar og liggja ofan á þéttum berggrunni
- **Vatnasvið lindanna** er fyrst og fremst í melnum ofan þeirra en einnig inn með SA verðu Hestfjalli og hugsanlega frá Andakílsá einnig
- Forði minnkar í langvarandi þurrkum og frostaköflum (t.d. vetur 2022/23)
- **Náma** er í melnum innan grannsvæðis vatnsverndar
- Vatnsgæði þó almennt góð
  - Grafa lekaskoðuð árlega og stendur á olíudúk
  - Lýsingartæki verður sett upp í nýrri dælustöð
  - Brunnsvæðisafmörkun stækkuð vorið 2023




# Virkjaður forði og afkastageta- Hvanneyri

- Ein virkjuð lind
  - Afkastageta miðað við nýjar mælingar sem innihalda langvarandi frostakafla ekki undir **10 L/s**
- Þar sem um er að ræða virkjað lindarennisli en ekki borholur þarf ekki nýtingarleyfi frá OS
  - Nýting fellur ekki undir Auðlindalög




# Neysluvatnsforði - Steindórsstaðir

- Vatnsból á **áreyri** árinna Rauðsgils
  - Vatn dregst frá ánni í stað þess sem dælt er úr vatnstökumannvirkjum og **síast** á leiðinni
- Rannsóknir fyrir virkjun bentu til þess að hægt yrði að gera þarna vatnsból uppá **15-20 L/s**
- **Kuldi vatns** í vatnsbólínu að vetri ( $0,3\text{ °C}$ ) stór áskorun og voru efasemdir um virkjun bólsins vegna þessa
  - **Grunnstingull** myndast í ánni sem takmarkar rennsli að vatnsbólínu og veldur hruni í vatnsborði
- Vatnsstaða og þannig afkastageta mjög **breytileg eftir árferði**
- Vatn **lýst** í dælustöð
  - Vatnsgæði almennt **góð**



# Virkjaður forði og afkastageta- Steindórsstaðir

- Þrjú vatnstökumannvirki
  - Brunnur með drenskurði virkjaður 2013 (SS-04)
  - Tvær holur til viðbótar boraðar 2017 (SS-08 og SS-09)
- Sameiginleg afkastageta metin **13-24 L/s**
- Til staðar nýtingarleyfi uppá 10 L/s
  - Umsókn um nýtt leyfi í vinnslu



# Eftirspurn

## Spá um árlega eftirspurn:

- Líkan með íbúapróun, fjölgun frístundalóða, hlutdeild atvinnulífs og stærð leka sem inntaksstærðir

## Framreiknað hámarksálag hvers árs:

- Mæld spönn framreiknuð í takt við eftirspurnaspár

## Hvanneyri

- Sviðsmynd 1: Hófleg íbúafjöldun og uppbyggingaráfram raungerast að hluta
- Sviðsmynd 2: Sterkari íbúafjöldun og uppbyggingaráform raungerast að mestu og hraðar

## Reykholtsdalur

- Sviðsmynd 1: Hófleg íbúafjöldun og engin frekari uppbygging í atvinnulífi
- Sviðsmynd 2: Sterkari íbúafjöldun og uppbyggingaráform í hótélrekstri raungerast






# Hvanneyri – spá um eftirspurn m.v. forsendur sviðsmynda

Spá um árlega eftirspurn skv. sviðsmyndum 1 & 2


Aukning v. frístundabyggðar: ~1 L/s (100 hús)

Spönn hámarksálags (mælingar): 2,5 - 3,0 L/s

Mælingar á afkastagetu: 10 L/s  
(innihalda langvarandi þurra frostakafla)



# Ferskvatnsauðlindir nærri Hvanneyri



- Miðað við eftirspurnarspá þarf ekki að auka afkastagetu á næstu áratugum.
- Möguleikar settir á kort uppá möguleg mengunarslys eða ófyrirséða aukningu
- Möguleikar til neysluvatnsöflunar í einhverju magni utan Fossamela mjög takmarkaðir
  - Hæðarlega landsins umhverfis Hvanneyri er þannig að útilokað er að afla sjálfrennandi vatns til byggðarinnar fyrr en í 4-6 km fjarlægð
  - Áreyri við Mófellsstaði var skoðuð innan seinasta stefnuverkefnis en lagnaleið væri mjög löng
  - Við Brekkufjall mætti hugsanlega vinna vatn í smáum stíl úr lausum jarðlögum
  - Í Fossamelum er önnur óvirkjuð lind sem mælst hefur 3-10 L/s. Liggur innan námusvæðis

\* Heimildir: Skýrslur og greinargerðir Þórólfs H. Hafstað og Guttorms Sigbjarnarsonar frá 1977 til 2006

# Reykholtisdalur – Spá um eftirspurn m.v. forsendur sviðsmynda

Spá um árlega eftirspurn skv. sviðmyndum 1 & 2

Viðbót v. íbúafjölgunar: ~1 L/s

Viðbót v. Mögulegra gistirýma Kraumu: <0,5 L/s




Spönn hámarksálags 2022 & 2023: 14,5 – ~16 L/s

Nýtingarleyfi: 10 L/s


Mælingar á hámarks afkastagetu: 24 L/s

Minnsta afkastageta sem mælst hefur: 13 L/s

Flutningsgeta metin um 17,5 L/s



# Ferskvatnsauðlindir í Reykholtssdal\*




- Grunnvatnsauðlindir eru takmarkaðar víðast hvar
  - Berggrunnur gamall og þéttur
- Misþykk ármalarlög þekja botn Reykholtssdals en undir þeim eru þétt leirlög
- Vatns helst að vænta úr malareyrum eða úr sprungum í bergi
- Nærtækasti kostur að bora fleiri holur við núverandi vatnsból
- Aðrir kostir einkum þau ból sem tekin voru úr rekstri þegar núverandi vatnsból var tekið í notkun

\* Heimildir: Skýrslur og greinargerðir Þórólfs H. Hafstað o.fl. frá 2000 til 2010


# Frekari boranir

- Miðum við að ný hola gæti gefið 5-8 L/s
- Með henni færi spönn afkastagetu upp í 18-32 L/s
- Gróft mat á kostnaði á borun og virkjun nýrrar holu er 26-36 milljónir
- Lagt er til að möguleiki á viðbótarholu verði settur í útboðsgögn ef afkastageta einnar holu reynist minni en 5-8 L/s.



# Stækkun vatnsverndarsvæðis og umsókn um auknar nýtingarheimildir

- Erum í því ferli að sækja um nýtt nýtingarleyfi og endurnýja samninga við landeigendur vegna aukinnar vinnslu
- Höfum sótt um 20 L/s ársmeðalnotkun og 30 L/s í álagstoppum og óskað eftir stækkun vatnsverndarsvæðis



# Helstu niðurstöður/tillögur

## Hvanneyri

- Ekki virðist þörf á forðaaukandi aðgerðum fyrir vatnsveituna á Hvanneyri á næstu áratugum
- Ef afkastageta reynist minni eða eftirspurn meiri er nærtækasti kosturinn að virkja hina lindina í Fossamelum
- Mjög mikilvægt er að passað sé að námuvinnsla á vatnsverndarsvæðinu aukist ekki í framtíðinni þar sem ekki er um aðra vænlega vatnsöflunarkosti að ræða
- Koma þarf upp færslu á afmörkun brunnsvæðis inn á aðalskipulag

## Reykholtisdalur

- Fylgja þarf eftir umsókn um nýtt nýtingarleyfi fyrir vatnsból við Steindórsstaði þar sem núverandi notkun er komin umfram heimildir
- Koma þarf afmörkun vatnsverndarsvæðis inn á aðalskipulag
- Þörf er á forðaaukandi aðgerðum og er lagt til að boruð verði ný hola neðan við holu SS-08 á Steindórsstöðum
- Skoða þarf þörf á framrásardælum við i. Steindórsstaði og ii. frá Reykholti og/eða sverun á flöskuhálsi lagnar undir Reykjadalá til þess að tryggja næga flutningsgetu til framtíðar
- Ganga þarf frá þeim vatnsbólum á veitusvæðinu sem ekki stendur til að nýta áfram til þess að ekki geti skapast af þeim hætta er fram líða stundir
- Halda þarf áfram samtali við stórnotendur á svæðinu um þeirra uppbyggingaráform og leitast við að gera formlega samninga um vatnsnotkun.

# Möguleg tímalína

